

Alþingi - Atvinnuveganefnd  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 6. mars 2012  
Tilvísun: UST20120200038/þek

### Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 54/1990 um innflutning dýra, ásamt síðari breytingum

Vísað er til erindis atvinnuveganefndar Alþingis frá 3. febrúar 2012 þar sem nefndin sendir til umsagnar frumvarp til laga um innflutning dýra (gæludýr), 134. mál. Frumvarpið er nú sent til umsagnar í annað sinn. Í lögum um innflutning dýra eru gæludýr skilgreind sem dýr af eftirfarandi tegundum og flokkum: Hundar, kettir, kanínur, skrautfiskar, vatnadýr, nagdýr og búrfuglar. Í greinargerð með frumvarpinu er þó megin áhersla lögð á umfjöllun um hunda og en ekki er fjallað sérstaklega um aðrar tegundir.

Umhverfisstofnun hefur kynnt sér frumvarpið og þau gögn er liggja til grundvallar því, m.a. reglugerð EB nr. 998/2003 um flutninga á gæludýrum sem eru í fylgd með eigendum sínum, en í þeirri reglugerð eru gæludýr skilgreind sem hundar, kettir og merðir. Innflutningur á mördum hefur aldrei verið leyfður hingað til lands vegna hættu á sjúkdómum sem tegundin getur borið með sér og ógnunar við íslenskt lífríki, sleppi tegundin út í náttúruna.

Umhverfisstofnun vísar til umsagnar Matvælastofnunar sem lögð var fram í fyrra skipti sem frumvarpið var lagt fram en stofnunin lagðist eindregið gegn samþykkt frumvarpsins. Hér á landi hafa í mörg ár ríkt strangar reglur um innflutning dýra í þeim tilgangi að hindra eins og mögulegt er að hingað berist smitsjúkdómar sem reynst hafa árangursríkar. Í þeim tilvikum sem veittar hafa verið undanþágur um innflutning dýra hafa þær verið bundnar ströngum skilyrðum, m.a. um dvöl í einangrunarstöð við komu til landsins. Í skýrslu starfshóps á vegum embættis yfirdýralæknis sem vísað er til í greinargerð með frumvarpinu var niðurstaðan sú að einangrunartími var stytur og innflutningsferillinn einfaldaður, en áfram þótti nauðsynlegt að krefjast einangrunar á innfluttum hundum og köttum.

Umhverfisstofnun gerir einnig athugasemdir við að með frumvarpinu er lagt til að Matvælastofnun verði falið hlutverk með umsýslu gæludýravegabréfa án þess að gerðar hafi verið viðeigandi breytingar á lögum um dýravernd þess efnis að Matvælastofnun sé falin umsýsla með málaflokknum. Hefur Umhverfisstofnun lagt til að slík breyting verði gerð m.a. til að nýta það net umdæma dýralækna sem fyrir hendi er í þágu velferðar allra dýra.

Virðingarfyllst

Kristín Linda Arnadóttir  
forstjóri

Sigrún Agústs dóttir  
sviðsstjóri